

KRÍLASEL

UNGBARNALEIKSKÓLI



Starfsáætlun 2026 – 2027

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: <i>Jafnrétti, umhyggja og öryggi</i>	5
1 Greinargerð leikskólastjóra	6
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026.....	9
3 Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027	11
4 Greinargerð frá starfinu skólaárið 2025-2026 (innra mat/umbótaáætlun).....	13
3 Starfspróunarsamtöl.....	21
5 Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans	21
6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	22
7 Foreldrasamstarf.....	23
8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	26
10 Umsögn foreldraráðs	27

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur, áherslur úr skólanámskrá og skóla fyrir alla.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngd börn og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Leiðbeiningar um starfsáætlunin leikskóla, bls. 1.

Leiðarljós leikskólans: *Jafnrétti, umhyggja og öryggi*

Jafnrétti.

Í Krílaseli er lögð áhersla á jafnrétti og jöfn tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum í anda jafnréttis og réttlætis óháð kyni og litarhætti. Það er mikilvægt nesti út í líf barnanna að æfa sig í jafnrétti. Það getur til dæmis snúist um að deila leikföngum með öðrum börnum og að öll börnin upplifi að þau fái sinn réttláta hlut af athygli og tíma frá kennurum og öðrum börnum.

Umhyggja/Umönnun

Í umhyggju felst að láta sér annt um líðan, velferð og framtíðarhag barnanna. Umönnun og umhyggja eru stór hluti af daglegum venjum og leikskólastarfinu í Krílaseli og getur birst annars vegar í því að sýna barni andlega hlýju og hjálpssemi og að barnið finni að kennarinn beri hag barnsins fyrir brjósti. Hins vegar getur umhyggja fyrir velferð barnsins birst sem hæfni kennarans til að koma auga á styrkleika og getu hvers og eins og hvatt það til framfara. Umhyggjusamur leikskólakennari lætur sér annt um börnin, gerir kröfur en er samt líka sveigjanlegur. Umönnun er líka fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust. Leikskóladvölin á þannig að gefa börnunum aukið sjálfstraust, samskiptaþroska, málþroska og að þau læri að bera virðingu fyrir öðrum og umhverfi sínu. Öll börn þarfnast þess að vera sýnd umhyggja og að fá jákvæð viðbrögð.

Öryggi

Börnin hafa þörf fyrir vernd og þurfa að finna til öryggiskendar og skal búið þannig að umhverfi þeirra að þau finni að þau njóti verndar og séu örugg. Velferð þeirra skal ávalt vera í fyrirrúmi. Hluti af því að skapa öryggi er að byggja upp traust á milli barnanna, starfsfólks og foreldra. Í því samhengi er mikilvægt að í aðlögun og öðrum samverustundum þar sem allir eru að taka þátt þá upplifi barnið góð samskipti og traust á milli foreldra og starfsfólks. Einnig er mikilvægt að taka vel á móti barninu við komu á morgnana og gefa sér tíma til að kveðja þau þegar þau fara og ýta undir þá tilfinningu hjá börnunum að þau séu sérstök, velkomin og skipti máli.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólaárið 2025-2026 var hefðbundið með venjubundnum verkefnum sem tengjast uppeldisstarfinu, rekstri leikskólans, starfsmannahaldi og foreldrasamstarfi ásamt nýjum og spennandi verkefnum. Skólaárið gekk heilt yfir vel í Krílaseli. Það var frekar litil starfsmannavelta en einn starfsmaður hætti og annar fór í fæðingarorlof en tveir nýir starfsmenn bættust við í þeirra stað.

Við reynum líka að halda starfsmannaveltunni í lágmarki og gerum vel við starfsfólkið okkar. Við greiðum t.d. fyrir aukaálag og erum dugleg að hlúa að mannauðnum og halda uppi góðum starfsanda. Við höfum reglulega starfsmannaviðtöl, allir fá afmælisgjafir, jóla og sumargjafir, við förum reglulega út að borða saman og bjóðum starfsfólkinu í jólahlaðborð. Starfsmannaviðtöl fóru fram í mars og apríl og eru þau mjög mikilvæg til að hjálpa bæði starfsmönnum og stjórnendum að aðlagast breytingum og styrkja vinnusambandið á milli aðila.

Leikskólaárið hófst með inntöku nokkura barna fyrir sumarfrí en flest komu þau samt síðla sumars. Nýjir samningar á milli SSSK og Reykjavíkurborgar tóku gildi og skólaárið einkenndist því töluvert af vinnu vegna nýrra innritunarreglna vegna Völu innritunnarkerfisins og fræðslu um það kerfi og samstarf við starfsfólk Reykjavíkurborgar var gott að þessu leyti. Dreyfing innritunartímabilsins yfir lengri tíma er jákvæð þróun fyrir okkur.

Árlegur kynningar og upplýsingarfundur fyrir foreldra var haldinn í byrjun leikskólaársins. Foreldrar voru mjög áhugasöm og dugleg að koma með spurningar. Fjórir foreldrar buðu sig fram í foreldraráð og við vorum svo heppin að þau eru öll með faglegan bakgrunn sem mun eflaust nýtast vel.

Námskráin fyrir 2025 var samþykkt af skóla og frístundasviði og sett á heimasíðuna. Mál sem komu upp í samfélaginu varðandi kynferðisbrot í leikskólum voru rædd á starfsdögum og tók starfsfólk þátt í rafrænu skyldunámskeiði um kynferðisofbeldi gegn börnum. Framkvæmdastjóri/mannauðsstjóri var einnig með fræðslu á skipulagsdegi um einelti, kynferðislegt ofbeldi og kynbundið áreyti. Í framhaldi af því tókum við ákvörðun um að opna enn frekar á milli rýma með því að tvískipta hurð á milli hvíldarherbergis og námsrýmis þannig

að nú er opið á milli allra rýma í leikskólanum sem bætir einnig loftgæðin í leikskólanum. Við fengum líka skyndihjálparnámskeið fyrir ungubarnaleikskóla frá Rauða Krossinum sem var mjög gagnlegt og náðu flestir starfsmenn leikskólans að taka þátt í því. Leikskólastjóri og lykilstarfsmaður (með uppeldirmenntun) fóru í Rannung ráðstefnu undir nafninu (Leikskólinn og yngstu börnin).

Við höldum áfram að bæta við okkur nýjum umhverfis og barnvænum leikföngum frá GB - gruppen sem er leiðandi fyrirtæki í Danmörku á þessu sviði. Einnig var lírfan langa frá ABC sett upp í hvíldarherberginu og náði strax miklum vinsældum.

Á leikskólaárinu fengum við heimsókn frá leikskólanum Aldan á Hvolsvelli og voru leikskólakennararnir áhugasamir um starfið í Krílaseli og munum við heimsækja þau seinna. Við heimsóttum líka Ungubarnaleikskóla Seltjarnaness sem er einkarekinn og starfsfólk frá þeim höfðu komið áður í heimsókn til okkar.

Við fengum líka árlega heimsókn frá Skóla og frístundasviði (fagstjóra hverfisins) sem gaf góð ráð varðandi umbótbætti starfsáætlunarinnar og fór yfir með okkur hvernig árið hefði gengið. Hún ráðlagði okkur að hitta lausnateymi frá Suðurmiðstöð sem kom í heimsókn og upp úr því þróaðist mikil samvinna við talmeinafræðinga og sérkennslustjóra Suðurmiðstöðvar Breiðholts vegna barns hjá okkur með heyrnarskerðingu. Við settum okkur í samband við Sólborg ráðgjafaskóla og fórum á teymisfund með fagaðilum frá þeim og foreldrum í Suðurmiðstöð, og fengum mörg góð ráð um málörvun í slíkum tilfellum.

Krílaseli heldur alltaf brunaæfingar að sumri til áður en börnin fara yfir á nýjan leikskóla. Æfingin er undir stjórn Eldvarnafulltrúa Krílsels. Brunaæfing var haldin kl 9:30 20 maí 2026 með þátttöku 23 barna og 8 starfsmanna og einu foreldri í aðlögun. Niðurstaða var sem fyrir að æfingin fékk mjög vel og rýmingartími leikskólans var innan skekkjumarka.

Til stendur að mála leikskólann allann að innann í sumarlokun 2026 og hefur verið ráðinn málaramameistari í verkið. Einnig verður ráðist í að bera fúavörn á girðinguna í kringum útileiksvæðið.

Krílasel telur sig hafa náð töluverðum árangri að vinna með þær áherslur sem tengjast menntastefnu Reykjavíkurborgar og lagt var upp með fyrir skólaárið 2025-2026 og mun halda

áfram að vinna að því að efla þætti eins og félagsfærni og sjálfsefningu barna ásamt öðrum þáttum og þarf alltaf að vera að vinna með í leikskólastarfi og munu því verða áfram inni í nýrri starfsáætlun 2026-2027 ásamt öðrum þáttum eins og málörvun og sköpun. Einnig verður lögð áhersla á nýjar áherslur sem tengjast eflingu leiks barna sem námsleið og er fjallað um í Aðalnámskrá, handbók um leik barna í leikskólum bls 25-30.

Áherslur í námi barnanna taka mið af aldri þeirra og gaman að fylgjast með framförum og hvernig ný þekking bætist við sem byggist ofan á við hvert aldurskeið þeirra.

Í Krílaseli er lögð mikil áhersla á góða samvinnu við foreldra og að við séum í sama liðinu með hagsmuni barnanna að leiðarljósi. Við viljum að talað sé við okkur en ekki bara um okkur.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Hluti af innra mati á skólaárinu 2025-2026 var byggt á niðurstöðum samráðs við starfsfólk sem var metinn á skipulagsdögum og nýttur til að bæta þá þætti sem snéru að innra starfi leikskólans.

Innra mat

Hvað var metið?	Útivera
Hvernig fór matið fram?	Á starfsdegi
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<i>Styrkleikar:</i> Útiveran hefur jákvæð áhrif á börnin og þau sofa og borða betur og líður almennt betur. <i>Tækifæri til umbóta:</i> Frekari þróun á efnivið og leiksvæðinu almennt. Kenna starfsfólki að nýta betur leiktæki og útisvæði á faglegan hátt til að auka virkni og hreyfingu í gegnum leiki og þrautir.

Hvað var metið?	Sjálfspróttin leikur, viðhorf og hlutverk starfsfólks.
Hvernig fór matið fram?	Á starfsdegi
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<i>Styrkleikar:</i> Starfsfólk upplifir að sjálfspróttin leikur ýtir undir frumkvæði og sjálfstæði og lýðræði, og kennir þeim að leika (vinna) saman. <i>Tækifæri til umbóta:</i> Halda þarf starfsfólki áfram upplýstu með fræðslu um mikilvægi sjálfspróttins leiks og að það sé nægilegt rými fyrir hann í dagskipulaginu.

Hvað var metið?	Samskipti innan leikskólans
Hvernig fór matið fram?	Á starfsdegi
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allir starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Í síðustu starfsmannakönnun kom í ljós allmenn ánægja með starfsandann í leikskólanum sem mældist yfir meðaltali í samanburði við aðra leikskóla. Ánægja með samskipti á milli starfsmanna og á milli starfsmanna og yfirmanna og jókst frá fyrri könnun en auðvitað má alltaf gera betur á næsta leikskólaári.

Ytra mat

Á árinu 2023 fékk Krílasel heimsókn frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar 2023 sem kom með nokkrar ábendingar varðandi loftgæði. Við létum gera loftgæðamælingu í samráði við Heilbrigðiseftirlit og voru í framhaldinu gerðar breytingar sem sneru að auknu loftflæði í rými leikskólans og til að mæta þeim ábendingum. Breytingarnar voru mjög jákvæðar fyrir börnin og við skoðun 2024 mat fulltrúi þeirra þær viðunandi. Við höfum ekki fengið formlega heimsókn til að skoða útisvæði síðan 2023 en fulltrúin sem kom til að skoða innisvæði 2024 gekk þó einn hring um útisvæðið og benti á nokkur atriði sem mætti laga og var það gert. Útisvæðið var ekki heldur skoðað af Heilbrigðiseftirliti árið 2025 sökum manneklu var okkur sagt þegar við spurðumst fyrir um það.

Árleg heimsókn starfsfólks SFS vegna ytra eftirlit fór fram á árinu 2025. Rafrænni könnun var svarað og leikskólastjóri fór í rafrænt viðtal við fulltrúa þeirra. Niðurstöður úr könnuninni voru jákvæðar og engar alvarlegar athugasemdir voru gerðar en þeim athugasemdum sem bárust var brugðist við á viðeigandi hátt.

3 Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Í Krílaseli er bara ein deild. Á leikskólaárinu 2026-2027 leggjum við sérstaka áherslu á faglega starfið okkar og að bæta starfið með börnunum, foreldrum og starfsfólki. Við ætlum að skoða hvað hefur ekki gengið nógu vel og hvort hægt sé að bæta það og höldum síðan að sjálfsögðu áfram með það sem vel hefur gengið og bætum jafnvel við fleiri góðum hlutum (sjá fyrir neðan).

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur	Hlutverk starfsmanna
Tækifæri til umbóta	Að allir starfsmenn séu vel upplýstir um ábyrgð sína, skyldur og hlutverk.
Aðgerðir til umbóta	Skýr verkaskipting, starfslýsingar, umræður á starfsdögum og handleiðsla yfirmanna og vinsamlegar ábendingar annara starfsmanna.
Ábyrgð	Samvinnuverkefni allra starfsmanna leikskólans.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skóla árið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Gögnum safnað af leikskólastjóra og rætt á skipulags og starfsdögum
Viðmið um árangur	Mikilvægt að starfsmönnum séu öruggir í sínu hlutverki og geti treyst því að fá leiðsögn í starfi ef á þarf að halda.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur	Leikurinn
Tækifæri til umbóta	Auknar upplýsingar til starfsfólks um gildi og mikilvægi leiks sem kennsluáðferðar, ólík leikform og birtingamyndir. Markmiðið er að starfsfólk skilji tilgang þeirra og mikilvægi fyrir nám og þroska barna. Einnig að það styðji betur við sjálfsprottinn leik og hvetji til frumkvæðis, sköpunar og sjálfstæðrar þátttöku barna í leik.
Aðgerðir til umbóta	Mikilvægt er að fræða starfsfólk og að fagfólk leikskólans sé góð fyrirmynd í starfi. Skapa þarf umræðu á fundum og deila reynslu, dæmum og hugmyndum um leikform, og sjálfsprottinn leik og hvernig best sé að styðja við hann. Skoða þarf efnivið og námsumhverfi barnanna og með því markmiði að auðvelda börnum að viðhalda leiknum. Starfsfólk styður síðan við leikinn án þess að stýra honum. Dagsskipulag verður skoðað með því markmiði að tryggja nægan tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik.

Ábyrgð	Leikskólastjóri hefur yfirsýn með framkvæmd og framförum barnanna.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Allt skóla árið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Verður metið á skipulagsdögum
Viðmið um árangur	Starfsfólk mun fylgjast með og meta hvort að börnin séu að taka framförum og hafi nægan tíma og rými til sjálfsþróttins leiks og sýni stuðnig án þess að stýra.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótapáttur	Hópefli
Tækifæri til umbóta	Við munum byggja á reynslu okkar og aðferðum góðrar mannauðsstjórnunar til að styrkja starfsmóralinn.
Aðgerðir til umbóta	Við hvetjum starfsfólk til að sýna hvort öðru umburðarlyndi og kærleika deili verkefnum réttlátlega sín á milli. Við reynum að nýta samverustundir starfsfólks til að fara yfir verkferla þannig að allir séu á sömu blaðsíðu. Við ætlum að leitast við að vera hugmyndarík, hvetjandi og dugleg að gera eithvað saman. T.d. óvissuferðir, út að borða, jólahlaðborð, keila og mini-golf og ýmislegt annað sem eykur hópeflið og samstöðuna. Við munum einnig hvetja starfsfólk til að bæta menntun sína og íslensku þekkingu.
Ábyrgð	Starfsfólki skal vera upplýst um að það sé á ábyrgð allra að öllum líði vel og leikskólabragurinn sé góður.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haust 2026 og lýkur vor 2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Stjórnendur fylgjast með framförum og vinnulagi, starfsfólki eru boðin viðtöl reglulega og nafnlausar starfsmannakannanir.
Viðmið um árangur	Góður og hvetjandi vinnumóral í leikskólanum ýtir undir traust á milli starfsfólks, barna og foreldra. Börnunum líður þannig líka betur í leikskólanum og foreldrar og stjórnendur eru ánægðari með leikskólastarfið.

4 Greinagerð frá starfinu skólaárið 2025-2026 (innra mat/umbótaáætlun)

Samantekt úr starfi Krílasels skólaárið 2025-2026

Aðalmarkmiðið okkar sem ungbarnaleikskóla er að styðja við og kenna börnunum okkar hvernig þau stíga sín fyrstu skref í skólakerfinu. Mikilvægt er að börnunum líði vel og þau finni sig örugg. Aðbúnaður og umhverfi þarf að vera hvetjandi og hæfa aldri þeirra. Börnin læra að leika með opinn efnivið úti og inni, bæði saman í hóp eða sem einstaklingar.



Í aðalnámskrá leikskóla sem gefin er út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu er fagleg stefnumörkun sem lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Krílasel leitaðist við að hafa markmið sem samræmast þessum markmiðum og kröfum.

Menntastefna Reykjavíkurborgar skiptist upp í fimm grundvallarþætti. Félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Einkunnarorð Krílasels eru jafnrétti, umhyggja og öryggi tengjast þessum grundvallarþáttum menntastefnunnar.

Að venju fór upphaf nýs skólaárs ágúst mánuður mikið í að aðlagja ný börn í leikskólann. Aðlögun allra lauk að mestu í byrjun október og þá gat markvisst leikskólastarf hafist. Vegna breyttra innritunarreglna voru nýju börnin flest á svipuðu aldursskeiði sem einfaldaði málin aðeins fyrir okkur.

Á leikskólaárinu 2025-2026 voru 25 börn í Krílaseli. 10 stúlkur og 15 drengir, öll fædd árið 2024. Leikskólaárið var bæði gefandi og krefjandi en að venju voru verkefnin mjög lærdómsrík, fjölbreytt og skemmtileg. Foreldrasamstarf var til fyrirmyndar og almenn ánægja ríkti meðal samstarfsaðila.



Í október var aðlögun lokið og þá hófst hópastarfið. Börnunum var skipt í fimm hópa óháð aldri. Í hópastarfinu er ýmislegt í boði með áherslu á fínhyrningu, málörvun og könnunarleik. Börnin hafa alltaf frjálsan aðgang að “Bókin mín” sem er með grunnupplýsingum um fjölskyldu þeirra og texti sem starfsfólk les og myndir sem þau geta skoðað og hjálpar þeim mikið að öðlast öryggi í leikskólanum.



Við höfum lagt mikla áherslu á að kenna börnunum að vera vinir og sem hluti af hópi, að deila, spyrja um leyfi og að vera kurteis og sýna hvort öðru virðingu á jafnréttisgrundvelli. Einnig læra þau að tengja tilfinningar við svipbrigði og athafnir. Stór hluti af því að ýta undir sjálfstæði þeirra var til dæmis að hjálpa þeim að læra að nota koppinn, klæða sig, að taka dótið saman inni á deild og þau eldri að hella sjálf í glösin sín og nota skeið. Flest börnin eru líka orðin mjög dugleg og sjálfstæð.



Þegar fer að líða á skólaárið og hópastarfið er komið á gott ról er sem hluti af lýðræði valið eitt af eldri börnunum sem söngstjóri og fær að stjórna söngstundinni í viku í senn (með hjálp) og síðan er skipt um söngstjóra í næstu viku og koll af kalli. Þeir fá að velja hvaða lög eru sungin úr þemalögum hvers mánaðar og fá stundum líka að stjórna handbrúðum sem passa við lögin. Einnig er stuðst við myndir.



Einnig fá börnin að velja þau leikföng sem eru í boði í frjálsum leik. Í fataklefanum eru börnin hvött til þess að klæða sig sjálf í og úr fyrir og eftir útiveru, bæði úti og inniföt og eru þau ótrúlega fljót og duglega að læra það og miklar framfarir oft sjáanlegar á stuttum tíma. Þeim er kennt að þvo sér um hendurnar þegar þau koma í leikskólann á morgnanna, eftir útiveruna og eftir innileiki áður en þau fara að borða, og að þvo hendur og munn með þvottastykki eftir alla matartíma. Þetta gengur misvel en þessir hlutir styrkja samskipti þeirra og félagsfærni og ýtir einnig undir málörvun.



Það má segja að “læsi” fléttist ekki inn í leikskólastarfið í hefðbundnum skilningi en frekar málörvun í gegnum Lubba og ýmsar aðrar leiðir. Miklvægt markmið er þó að börnin læri að lesa í aðstæður hvers annars og að þau virði mörk hvers annars og sín eigin. Við höfum tekið eftir miklum framförum hjá okkar börnum. Við höfum haldið áfram að vinna með Lubba og kennt þeim málhljóðin í nafni sínu og hvers annars. Þau eru mjög áhugasöm um málhljóðin og sum barnanna geta líka sagt fyrsta málhljóðið í nafni foreldra sinna. Í söng og sögustundum læra börnin líka textana að hluta til við mörg lög. Við hvetjum börnin til að nota orðin sín, tjá tilfinningar, tala saman og finna lausnir sín á milli. Það gekk mjög vel og börnin voru áhugasöm og fannst gaman að vinna með Lubba.



Tækifæri til umbóta:

Að okkar mati hefur vinna vetrarins gengið vel en alltaf má gera betur. Við ætlum að setja okkur það markmið að byggja ofan á það sem komið er. Við sjáum ýmis tækifæri til umbóta. Síðastliðinn vetur vorum við t.d. með Lubbaspjald sýnileg á vegg, en hugmyndin er að útbúa sérstakan Lubbavegg þar sem táknin sem búið er að vinna með prýða vegginn í kringum stóra mynd af Lubba. Þar væri til dæmis hægt að setja táknin sem við erum að læra hverju sinni við munninn á Lubba og hin táknin í kring um hann.

Á leikskólaárinu var sjálfspróttni leikurinn á sínum stað enda mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Hann tengdist oft frekar einföldum en mjög mikilvægum athöfnum sem þróuðust í leik og stuðluðu þannig að þroska barnanna í gegnum leikinn. Börnin eru á þessum aldri að þróa ákveðna grunnfærni, svo sem hreyfingu, tungumál, félagsfærni og sjálfstæði. Sjálfspróttni leikurinn er oftast en ekki einstaklingsbundinn þar sem börnin nýta öll skynfæri sín, snerta, skoða og prófa nýja hluti og skoða umhverfi sitt. Oftast var útveran einu sinni á dag en stundum tvisvar ef veður leyfði. Börnunum var líka gefinn góður tími í fataherberginu til þess að æfa sig að klæða sig, en spurning um að gefa þeim kannski enn meiri tíma.



Í sköpuninni höfum við boðið börnunum upp á að vinna með margvíslegan efnivið, þau hafa málað bæði með fingrum og penslum á mismunandi efni, notað ólíkar gerðir málningar t.d. þekjuliti og vatnsliti. Börnin hafa mjög gaman af því að fá að skapa og mála. Einnig notað við efnivið úr náttúruni, laufblöð, steina og snjó. Börnin hafa fengið tækifæri til að byggja úr alls konar kubbum t.d. segulkubbum, dúbló, og fleira. Börnin vita alveg hvað þau vilja og hafa byggt upp sjálftraust, þau sýna að þau geti sjálf en eru líka dugleg að biðja um aðstoð til að fá sína hugmynd fram.



Tækifæri til umbóta:

Markmiðið er að efla skapandi hugsun barnanna með hvatningu og nýjum leiðum við sköpun. Nýta fjölbreyttan og opinn efnivið enn frekar og vera áfram opin fyrir nýjungum. Sjá til þess að börnin hafi næði og nægan tíma við sköpunina. Ýta undir og efla sköpun í mismunandi aðstæðum og með opnum og ólíkum hætti. Efla sköpun sem ekki fram fer inni í leikskólanum sjálfum, sérstaklega í gegnum útileiki og útiveru.

Haldin voru tvö foreldraviðtöl á leikskólaárinu í nóvember og maí. Til upplýsingar um framvindu leikskólastarfsins sendum við í tölvupósti helgarpóst á sunnudögum um það sem hafði verið að gerast hjá börnunum í vikunni á undan. Einnig voru settar inn myndir frá leikskólastarfinu á heimasíðuna að minnsta kosti einu sinni í mánuði.

Í lok leikskólaársins og dvalar barnanna hjá okkur upplifðum við hópinn vera orðinn rosalega flottann, orkumikinn og sjálfstæðann. Börnin höfðu þroskast og lært mikið og eins höfum við kennarar náð að koma upp góðri rútínu við kennsluna. Okkur gekk sérlega vel að halda hópastarfinu góðu allan veturinn með fjölbreytilegu sniði.



Í heild sinni þá fannst okkur starfið ganga mjög vel og ríkja gagnkvæm virðing meðal starfsfólksins. Allir voru sammála um mikilvægi þess að kenna börnunum að sýna frumkvæði, sjálfshjálp, lýðræði og að hvetja þau til að þróa hjá sér sjálfstæða hugsun og að taka virkan þátt í leik og daglegu starfi. Við erum öll mjög ánægð og stolt af því hvernig barnahópurinn hefur þroskast í vetur og hvað skólastarfið hefur gengið vel á þessu skólaári.



Styrkleikar

- Starf leikskólans er vel skipulagt.
- Starfsfólk er virkt og áhugasamt í leik barnanna.
- Starfsfólk notar virka hlustun og ýtir undir frumkvæði og áhuga barnanna.
- Málörvunarstundir (sögu og söngstundir) eru hluti af dagsplani.
- Sem hluta af því að hafa góðan starfsanda og gott andrúmsloft í leikskólanum eru öll mál leyst um leið og þau koma upp.

Tækifæri

- Skipuleggja hreyfistundir betur t.d. nýja jafnvæggisslá.
- Huga betur að möguleikum varðandi sjálfsprottinn leik.
- Gefa fleirum börnum tækifæri til að vera söngstjórar í söngstund.
- Auka tíma og skapa tækifæri fyrir börnin til að klæða sig sjálf fyrir útiveru
- Kenna starfsfólki betur á möguleika námsefnissins og að nýta betur.

Umbótaáætlun fyrir Krílasel 2026-2027

Deild/aldur barna	Krílasel (1-2 ára)
Umbótaþáttur	Sjálfssprottinn leikur
Tækifæri til umbóta	Við viljum gefa meiri tíma fyrir sjálfssprottinn frjálsan leik með því að einfalda dagskipulagið og hvetja starfsfólkið til að taka meiri og virkari þátt í leiknum með börnunum í stað þess að vera áhorfendur. Þannig er starfsfólkið að vinna meira á forsendum barnanna og mæta þeim þar sem þau eru stödd, í þeirra hæð og sitji t.d meira með þeim og leiki við þau á gólfinu.
Aðgerðir til umbóta	Starfsfólk sé frætt um frjálsa leikinn og hvatt til að lesa um hann í nýju aðalnámskrá leikskóla. Í upphafi dags er sett upp skipulag þar sem starfsfólkinu er ráðað á leiksvæðin í deildinni. Starfsfólk er hvatt meira til að finna leiðir til að taka þátt í leik barnanna.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026/ Vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Skipulagsdagar eru aðal vettvangur starfsfólks til að ræða og meta framfarir barnanna. Allmennt spjall á milli starfsfólks og stjórnenda getur líka virkað vel. Niðurstöður eru síðan bornar undir og ræddar við foreldra í foreldraviðtölum.
Viðmið um árangur	Að börnin taki sýnilegum framförum í sjálfssprottnum leik og sýni frumkvæði.

Deild/aldur barna	Krílasel(1-2 ára)
Umbótaþáttur	Málörvun í gegnum sögu og söngstund, og allmennt daglegu starfi sem fram fer í leikskólanum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka færni barnanna í að stækka orðaforða sinn og í að tjá sig. Þetta má gera með því að skipuleggja sögu og söngstundir betur og nýta öll tækifæri í leik og athöfnum barnanna innan leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Leggja meiri áherslu á að tengja leikinn við sögu og söngstundir. Vinna markvissara að málörvun með því að lesa Lubba, syngja spila og leika með börnunum. Þjóða börnunum að koma með bækur, jafnvel á sínu eigin tungumáli og hvetja þau til að segja hinum frá og deila með öðrum. Skerpa á að málörvuninni í öllu því sem þau taka sér fyrir hendur eins og í matartímanum og í fataklefanum og í útiverunni.
Ábyrgð	Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026/ Vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið á skipulagsdögum
Viðmið um árangur	Viðmiðið er að starfsfólk og foreldrar sjái framfarir í málþroska barnanna og samskiptaþroska. Ræða á skipulagsdögum hvað má bæta og gera betur.

Deild/aldur barna	Kríasel(1-2 ára)
Umbótaþáttur	Hreyfing
Tækifæri til umbóta	Við stefnum að því að efla hreyfifærni barnanna bæði inni og úti sem hefur góð áhrig á líkamsvitund þeirra og eykur gleði, velliðan og samhæingu.
Aðgerðir til umbóta	Daglega úti(eftir veðri) og vikuleg á inni.
Ábyrgð	Allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026/ Vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Umræður um hreyfistundir á skipulagsdegi og hvað gengur vel og hvað má bæta.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Markmiðið er börnin efli hreyfifærni sína og læra fara eftir reglum sem tengjast hreyfileikjum og hreyfistundum.

3 Starfsþróunarsamtöl

Í febrúar og mars fóru starfsþróunarsamtöl fram við alla starfsmenn leikskólans í leikskólanum. Leikskólastjórinn tók viðtölin við hvern og einn starfsmann fyrir sig. Samtölin voru frekar opin með því markmiði og áherslum á að ná fram góðum umræðum um almenna líðan, ábyrgð, samvinnu og verkefni sem hafa gengið vel og hvað mætti fara betur.

5 Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Í apríl 2025 fór starfsfólk Kríásels í fræðsluferð til Gdansk í Póllandi. Frá þeim tíma höfum við verið að vinna með þá umbótaþætti sem við vildum leggja áherslu á eftir þá ferð. Dæmi er gott foreldrasamstarf, opinn efniviður, og að huga vel að líðan starfsfólks og vera dugleg að hlusta á þau og að yfirmenn og aðrir reyndari starfsmenn séu duglegir að miðla til þeirra sinni reynslu og þekkingu í anda góðrar mannauðstjórnunar. Mörg þessara markmiða eru langtímamarkmið sem tekur langan tíma að vinna en við förum reglulega yfir árangur í starfsmannaviðtölum og byggjum áfram á reynslunni hverju sinni. Áherslur verða áfram á að starfsmenn leyti sér frekari menntunar og bæti tungumálakunáttu sína.

Leikskólastjóri og lykilstarfsmaður fóru á námskeið í mars hjá Rannung sem fjallaði um „Leikskólinn og yngstu börnin“ og munu útbúa fræðslupakka til að kynna fyrir starfsfólki á skipulagsdegi. Ekki eru skipulagðar neinar námsferðir eða ráðstefnur þetta árið en erum alltaf opinn fyrir ef einhverjir möguleikar opnast. Ekki tókst að fá nánari fræðslu um „Lubbi finnur málbein“, en við munum fara í heimsókn í leikskólann Aldan á Hvolsvelli á árinu, og skoða áfram hvort eitthvað áhugavert verður á Menntaviku HÍ í október. Við erum líka að skoða hvort við finnum ekki eitthvað gott námskeið um fjölmenningu.

Lögð verður áhersla á að finna góða fræðslu um sjálfssprottin leik fyrir starfsfólk leikskólans. Í anda umbóta og skólanámskrár fjárfesti leikskólinn í segulkubbum frá GB í Danmörku sem hafa notið mikilla vinsælda hjá börnunum en við stefnum á að afla okkur frekari fræðslu um námstækifærin sem felast í notkun þeirra í leikskólastarfinu. Leikskólastjóri starfar einnig sem sérkennslustjóri og mun auka við þekkingu sína til að sinna því betur. Í haust munum við fá talmeinafræðing frá Suðurmiðstöð til okkar á skipulagsdegi.

6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Eins og kemur fram í skólanámskrá þá eru áherslur aðeins aðrar þegar um ungbarnaleikskóla er að ræða. Krílasel er ungbarnaleikskóli og börnin fara yfir á aðra leikskóla oftast reknunum af sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Hlutverk okkar í Krílaseli er að undirbúa börnin sem best fyrir næstu skref og það reynum við að gera með því að veita þeim sem flest tækifæri til þess að verða sjálfstæðari, þroskast og dafna í öruggu umhverfi.

Við erum í góðu samstarfi við leikskólana í hverfinu okkar þangað sem flest börnin okkar fara. Einnig erum við í góðri samvinnu við Suðurmiðstöð sem er þjónustumiðstöð Breiðholts ef einhver mál koma upp vegna frávika. Vegna ungs aldur barnanna er ekki um samstarf við grunnskóla og frístundamiðstöðvar að ræða.

7 Foreldrasamstarf

Það eru engar aðrar sérstakar áherslur í foreldrasamstarfinu en verið hafa og gefist vel.

Stuðst er við hugmyndafræði Vygotsky og að hluta til Montessori um mikilvægi góðrar foreldrasamvinnu og Reggio Emilia (opinn efniviður ásamt ýmsu fleiru).

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntakerfinu samkvæmt íslenskum lögum og á að sjá um nám barna á leikskóla aldri. Mennta- og menningarmálaráðuneytið bendir á í yfirlýsingu frá 2011(bls. 48) mikilvægi foreldrasamstarfs í aðlögun barna og að leggja þurfi góðan grunn að samstarfi foreldra og leikskóla strax í upphafi leikskólagöngunar.

Samstarfið þarf að haldast gott út alla leikskólagönguna með velferð og umhyggju barnsins að leiðarljósi. Einnig ber leikskólastarfsfólki að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu, og mikilvægt er að allt samstarf byggist á trausti og gagnkvæmum skilningi.

Foreldrar eru sérfræðingar í börnum sínum og bera meginábyrgð á uppeldi þeirra og er leikskólanám því viðbót við uppeldi þeirra en á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Því skal leitast við að hlusta eftir sjónarmiðum foreldra til að mynda í foreldrasamtölum og í gegnum foreldraráð og foreldrafélag leikskólans sé það til staðar.

Að okkar mati eru góð fyrstu kynni foreldra af leikskólanum og vel heppnuð aðlögun barns mikilvæg til að byggja upp traust og góð samskipti á milli foreldra, barnsins og leikskólastarfsfólks fyrir komandi leikskóladvöl barnsins og að barnið upplifi þetta traust. Einn hluti af þessu samstarfi eru upplýsinga/helgar póstar til foreldra um leikskólastarfið og hvað börnin hafa verið að sýsla með þá vikuna og hvað sé framundan. Þessi samskipti eru gagnkvæm og geta foreldrar einnig komið á framfæri upplýsingum er varða barnið til leikskólastjórnenda.

Foreldrasamvinnan byggist í grundvallaratriðum á þessum atriðum og markmið hennar er:

- að rækta samvinnu og samskipti leikskóla og heimilis
- að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans og fá upplýsingar um barnið frá foreldrum
- að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans

Foreldrakynningarfundur

Árlegir foreldrakynningarfundir að hausti hafa gefist afar vel og eru foreldrar mjög ánægðir með þá. Þar koma fram margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið og um þær áherslur sem til stendur að vinna með á komandi skólaári. Foreldrum gefst kostur á að koma með spurningar. Við upplýsum um þá hugmyndafræði sem stefna leikskólans byggir á og mikilvægi samráðs og samvinnu með velferð barnsins í fyrirrúmi. Einnig er farið yfir upplýsinga og boðleiðir sem notaðar eru eins og helgarpósta sem sendir eru vikulega með upplýsingum um leikskólastarfið nýliðna viku, komu nýrra barna og breytingar á starfsmannahaldi. Þá förum við líka yfir hvernig heimasíða leikskólans krilasel.is virkar og ráðleggjum foreldrum að kynna sér vel allar þær upplýsingar sem þar er að finna og sérstaklega að lesa vel yfir námskrá og starfsáætlun. Oft eru þessir foreldrakynningarfundir fyrsta tækifæri foreldra til að kynnast innbyrðis og þar er einnig auglýst eftir fólki í foreldraráð. Við höfum verið svo heppin að hafa oftast tekist að fá fólk með faglegan bakgrunn í foreldraráð.

Foreldraviðtöl

Boðið er upp á foreldraviðtal tvisvar sinnum á ári eða oftar ef þörf er á. Þau hafa þann megintilgang að veita gagnkvæmar upplýsingar um framfarir og líðan barnsins. Viðtölin byggjast á upplýsingum um barnið og athugunum á færni og þroska í leik og starfi. Fyrsta viðtal á haustin er eftir um það bil tvo mánuði og er rafrænt. Það snýst oft að mestu um hvernig aðlögunin hefur gengið og hvernig barnið er að aðlagast inn í leikskólann og hvernig foreldrar eru að upplifa það.

Þar skiptast foreldrar og leikskólastjóri á upplýsingum um barnið og leggja línurnar með framhaldið. Í seinna viðtalinu sem fer fram eftir 9-10 mán. er farið yfir dvöl barnsins í leikskólanum og stuðst við uppsafnaðar upplýsingar og matstæki fyrir börn 1- 2 ára þar sem þættir eins og félagsleg samskipti, málþroski, sjálfshjálp, vitsmunapróska og hreyfiþroski eru metin.

Foreldraráð

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008). Á kynningafundi fyrir foreldra í upphafi skólaárs auglýsum við eftir foreldrum sem hafa áhuga á og tíma til að vera í foreldraráði og útskýrum hvað fellst í því. Gott er ef við getum fengið foreldra sem hafa faglegan bakgrunn eða reynslu af því að vinna að málefnum barna en þó ekki skilyrði. Við höfum verið með þrjá til fjóra foreldra í foreldraráði en vegna eðlis leikskólans okkar sem ungubarnaleikskóla og að börnin eru venjulega ekki hjá okkur lengur en eitt ár þá er alltaf nýtt foreldraráð valið við upphaf hvers nýs leikskólaárs. Tilgangur foreldraráðs er að lesa yfir og gefa

umsagnir til leikskólans um starfsáætlanir fyrir hvert ár og skólanámskrár þegar þær eru gerðar. Hlutverk ráðsins er einnig að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og kynningu þeirra fyrir foreldrum.

Foreldrafélag

Ekki er foreldarafélag í Krílaseli en eigendur Krílasel hafa hins vegar ákveðið í ljósi smæðar leikskólans að standa sjálf undir kostnaði eins og við sumarhátíð, jólagleði og gjafir auk allskonar annara viðburða til að styrkja samvinnu og traust á milli foreldra, barna og leikskólastarfsfólks með gleðina að leiðarljósi. Ekki hefur þótt ástæða til að velta slíkum kostnaði yfir á foreldra eða gjaldskrá leikskólans. Hins vegar hafa foreldrar verið mjög dugleg við að taka þátt í öllum viðburðum og gefa allskonar þakklætisgjafir til leikskólans og starfsfólks.

8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- **Þriðjudagur: 29 september 2026. Lokað allan daginn (Seljahverfisskipulagsdagur)**
- **Föstudagur: 16 október 2026. Lokað allan daginn**
- **Föstudagur: 20 nóvember 2026. Lokað allan daginn (Seljahverfisskipulagsdagur)**
- **Þriðjudagur: 16 mars 2027. Lokað allan daginn (Seljahverfisskipulagsdagur)**
- **Föstudagur: 23 apríl 2027. Lokað allan daginn**
- **Föstudagur: 07 maí 2027. Lokað allan daginn**



Leikskóladagatal 2026 - 2027

Nafn leikskóla:

Krisesel ung barnaleikskóli

AUGUST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANUAR		FEBRUAR		MARS		APRIL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 L		1 Þ	Alögun nýrra barna	1 F	Alögun nýrra barna	1 S		1 Þ	Fúlvéldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M		1 M		1 F		1 L	Verakýðisdagurinn	1 Þ		1 F	
2 S		2 M	Alögun nýrra barna	2 F	Alögun nýrra barna	2 M		2 M		2 L		2 Þ		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 F	
3 M	Frídagur verslunarmanna	3 F	Alögun nýrra barna	3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F		3 L	
4 Þ	Krisesel opnar e. Sumari	4 F	Alögun nýrra barna	4 S		4 M		4 F	Háhlvúfudagur	4 M		4 F		4 F		4 S		4 Þ		4 F		4 S	
5 M	Alögun nýrra barna	5 L		5 M		5 F		5 L		5 Þ		5 F		5 F		5 M		5 M		5 L		5 M	
6 F	Alögun nýrra barna	6 S		6 Þ		6 F		6 S		6 M	Bretlandinn	6 L	Dagur leikskólans	6 L		6 Þ		6 F	Úppsátningardagur	6 S	Sönnundagurinn	6 Þ	
7 F	Alögun nýrra barna	7 M	Alögun nýrra barna	7 M		7 L		7 M		7 F		7 S	Dagur Vörðlenskólans	7 S		7 M		7 F	Skipulagsdagur/Foreldri	7 M		7 M	
8 L		8 Þ	Dagur leikis	8 F		8 S	Baráttudagur gegn vísu	8 M		8 M		8 M	Bóludagur	8 M		8 F		8 L		8 Þ		8 F	
9 S		9 M	Alögun nýrra barna	9 F		9 M		9 M		9 L		9 Þ	Þriðjudagur	9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 F	
10 M	Alögun nýrra barna	10 F	Alögun nýrra barna	10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 M	Óskudagur	10 M		10 L		10 M		10 F	Skólastítt grunnskóla	10 L	
11 Þ	Alögun nýrra barna	11 F	Alögun nýrra barna	11 S	Fæðingardagur Íslands (HT)	11 M		11 F	Jólahvúfudagur	11 M		11 M		11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S	
12 M	Alögun nýrra barna	12 L		12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 F		12 M		12 M		12 L		12 M	
13 F	Alögun nýrra barna	13 S		13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 L		13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 Þ	
14 F	Alögun nýrra barna	14 M	Alögun nýrra barna	14 M		14 L		14 M		14 F		14 S		14 S	Dagur stæðfæðingar	14 M		14 F		14 M		14 M	
15 L	Alögun nýrra barna	15 Þ	Alögun nýrra barna	15 F		15 S		15 Þ		15 M		15 M		15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F	
16 S		16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 F	Skipulagsdagur	16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 L		16 Þ		16 Þ	Skipulagsdagur/sala	16 F		16 S	Hvítasunnudagur	16 M		16 F	
17 M	Alögun nýrra barna	17 F	Alögun nýrra barna	17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 M		17 M		17 L		17 M	Annar í Hvítasunnu	17 F	Lýðveldisdagurinn	17 L	
18 Þ	Alögun nýrra barna	18 F	Alögun nýrra barna	18 S		18 M		18 F		18 M		18 F		18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 S	
19 M	Alögun nýrra barna	19 L		19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F	Komudagur kl. 14:30	19 F		19 M		19 M		19 L		19 M	
20 F	Alögun nýrra barna	20 S		20 Þ		20 F	Dagur mannféllda barna	20 S		20 M		20 M		20 L		20 Þ		20 F		20 S		20 Þ	
21 F	Alögun nýrra barna	21 M	Alögun nýrra barna	21 M	Fyrsti vetrardagur	21 L		21 M		21 F		21 S	Komudagur - upphaf ÓG	21 S	Þriðjudagurinn	21 M		21 F	Úthverfisdagur	21 M		21 M	
22 L		22 Þ	Alögun nýrra barna	22 F	Skirningardagur	22 S		22 Þ		22 F	Þriðjudagurinn	22 M	Þriðjudagurinn kl. 14:30	22 M	Vetrarhlíð	22 M	Skirningardagur	22 F	Sumardagurinn fyrsti	22 L		22 Þ	
23 S		23 M	Alögun nýrra barna	23 F	Skirningardagur	23 M		23 M	Borðlögsmessa	23 L		23 Þ	Skirningardagur	23 Þ	Skirningardagur	23 F	Skipulagsdagur	23 S		23 M		23 F	
24 M	Alögun nýrra barna	24 F	Alögun nýrra barna	24 L	Fyrsti vetrardagur	24 Þ		24 F	Alfingardagur þjá	24 S		24 M		24 M	Skirningardagur	24 L		24 M		24 F		24 L	
25 Þ	Alögun nýrra barna	25 F	Alögun nýrra barna	25 S		25 M		25 F	Jólahvúfudagur	25 M		25 F		25 F	Skirningardagur	25 S		25 Þ		25 F		25 S	
26 M	Alögun nýrra barna	26 L	Evrópski tungumáladagur	26 M	Skirningardagur	26 F		26 L	Annar í júlum	26 Þ		26 F		26 F		26 M		26 M		26 L		26 M	
27 F	Alögun nýrra barna	27 S		27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 L		27 L		27 Þ	Menntastofnunin	27 F		27 S		27 Þ	
28 F	Alögun nýrra barna	28 M	Alögun nýrra barna	28 M		28 L		28 M	Skirningardagur	28 F		28 M		28 F	Þriðjudagur	28 M		28 F		28 M		28 M	
29 L		29 Þ	Skipulagsdagur sala	29 F		29 S		29 Þ	Skirningardagur	29 F		29 M		29 M	Annar í Þáskum	29 F		29 L		29 Þ		29 F	
30 S		30 M	Alögun nýrra barna	30 F		30 M		30 M	Skirningardagur	30 L		30 Þ		30 Þ		30 F		30 S		30 M		30 F	
31 M	Alögun nýrra barna	31 L		31 F		31 F	Gamlársdagur	31 S		31 S		31 M		31 M		31 M		31 M		31 M		31 L	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skirningardagur í leikskólum eru tíu og gjöld láekkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Bóm sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarfétt. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allir sumarið eða loki samfétt í þú til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi teiðist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

10 Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

- Anita Rut Hilmarsdóttir
- Margrét Valdimarsdóttir
- Andrea Rún Carlsdóttir
- Elín Krístjánsdóttir

F. h. Krílasels Ungbarnaleikskóla

Susana Rabanes Gunnþórsson
Leikskólastjóri

01. Júní 2026
Dagsetning

Starfsáætlun 2026 – 2027

Krílasel ungbarnaleikskóli

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anita Rut Hilmarsdóttir

Margrét Valdimarsdóttir

Andrea Rún Carlsdóttir

Elín Krístjánsdóttir

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

- Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?
- Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?
- Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?
- Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráð leikskólans hefur lesið yfir starfsáætlun Krílasels og gerir enga athugasemd við hana.

Starfsáætlunin er aðgengileg, auðlesanleg og vel sett upp. Hún er metnaðarfull og endurspeglar það góða starf sem fer fram í leikskólanum.

Foreldraráð staðfestir að unnið hefur verið samkvæmt fyrri starfsáætlun á liðnum vetri.

Upplýsingagjöf til foreldra er mjög góð. Starfsfólk er duglegt að koma upplýsingum munnlega til skila til foreldra.

Allar upplýsingar eru sýnilegar á veggjum leikskólans og foreldrum þykir vænt um þá vinnu sem lögð er í vikulega tölvupósta á sunnudögum. Þar gefst foreldrum tækifæri á að heyra hvernig vikan var og hvað sé framundan.

Starfsfólk Krílasel hefur góða nærveru. Á hverjum morgni er lagt fram við að heilsa börnunum innilega við komu og kveðja þau við brottför. Þörfum barnanna er mætt og þau eru glöð og ánægð í leikskólanum.

Faglega starf leikskólans er framúrskarandi og vel skipulagt. Börnin taka fjölbreyttum framförum á Krílaseli og una sér vel í fjölbreyttum leik og starfi. Þá sérstaklega viljum við taka fram það góða starf sem unnið er í kringum málörvun, söngstund og lestrarstund, sem skilar sér margfalt í aukinni færni barnanna. Leggur leikskólinn sig fram við að fagna mismunandi hátíðisdögum og mikið gert úr afmælum barnanna.

Það er mat foreldraráðs að þörfum barna í Krílaseli sé mætt og að börnunum líði vel. Velferð og umhyggja barnanna er alltaf í fyrirrúmi, þar spilar hlýtt viðmót starfsfólks stóran þátt.

Fulltrúar í foreldraráði:

Anita Rut Hilmarsdóttir

Margrét Valdimarsdóttir

Andrea Rún Carlsdóttir

Elín Krístjánsdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Anita Rut Hilmarsd
Margrét Valdimarsd
Andrea R. Carlsdóttir
Elín Krístjánsd

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.